

Innviðaráðuneytið  
Sölvhólgata 7  
101 Reykjavík

Reykjavík, 21. apríl 2023

sent á samráðsgátt

### Umsögn um drög að hvítbók og samgöngumál og umhverfismatsskýrslu

Samtök atvinnulífsins hafa tekið til umsagnar ofangreint mál sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda 10. mars sl. Um er að ræða drög að hvítbók um samgöngumál ásamt umhverfismatsskýrslu í samræmi við lög nr. 111/2021. Hvítbókin er hluti af stefnumótunarferli samgönguáætlunar og unnin á grunni laga um samgönguáætlun, nr. 33/2008. Í umsögn þessari vilja Samtök atvinnulífsins fjalla sérstaklega um fjármögnun vegakerfisins.

Þau verðmæti sem falin eru í vegakerfinu eru ef til vill ekki öllum augljós en vegakerfið er undirstaða þess að hægt sé að dreifa vöru og þjónustu um allt land og skapar þannig rekstrargrundvöll fyrir fyrirtæki víðsvegar um landið. Þrátt fyrir fámennið er Ísland nokkuð stórt að flatarmáli og rétt eins og önnur fjölmennari lönd þurfum við að halda úti öflugum og áreiðanlegum innviðum ef ætlunin er að halda úti almennilegri byggð og samkeppnishæfu atvinnulífi og t.d. heilbrigðis- og menntakerfi, rafmagnskerfi, fjarskiptakerfi, fjármálakerfi, veitu- og samgöngumannvirkjum, og svo mætti lengi telja. Vegakerfið spilar ómissandi hlutverk í gjaldeyrissköpun þjóðarinnar á sama tíma og það skapar auknar skatttekjur í ríkissjóð í gegnum aukin umsvif atvinnulífsins.

Í hvítbókinni kemur fram að stefnt verði að því að fjárfesting og viðhald samgönguinnviða mæti þörf svo gæði og öryggi innviða haldi sér. Síðastliðinn áratug hafa útgjöld ríkissjóðs til vegasamgangna aukist jafnt og þétt að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Útgjöldin námu t.a.m. 50 milljarða króna árið 2021 og því er um umtalsverða fjármuni að ræða. Þjóðvegakerfið hefur nær ekkert lengst síðasta áratuginn en bílum í umferð hefur aftur á móti fjölgað um meira en 30% á sama tímabili. Fleiri bílar valda meiri umferð, sem veldur meira sliti sem felur svo í sér aukna viðhaldsþörf og þörf fyrir nýfjárfestingar. Þetta kallar á aukna fjárfestingu en þrátt fyrir að útgjöld hafi farið vaxandi er ástand vegakerfisins ekki nægilega gott.

Samkvæmt mati Samtaka iðnaðarins mun kosta um 110 milljarða króna að koma vegakerfinu í ásættanlegt horf en við það bætast 60-70 milljarðar í viðbót í sveitarfélagavegina.<sup>1</sup> Ofan á þetta bætist árleg viðhaldsþörf upp á 15 milljarða króna. Samkvæmt nýjustu samgönguáætlun stendur þó einungis til að verja um 11 milljörðum á ári næstu fimmtán árin í reglubundið viðhald. Það blasir við að það er ekki nóg auk þess sem uppsöfnuð viðhaldsþörf mun frekar aukast á næstu árum.

---

<sup>1</sup> <https://www.si.is/innvidir-a-islandi/vegagerd/>



## Fjármögnun vegakerfisins

Með lögum um opinber fjármál heyrðu markaðir tekjustofnar, t.d. sérstakt bensín- og olúgjald, sögunni til og í stað þess að renna til fyrirfram skilgreindra verkefna eða stofnana renna tekjustofnarnir nú beint í ríkissjóð. Þessir tekjustofnar hafa dugað skammt þegar kemur að útgjöldum til vegakerfisins og er það því hinn almenni skattgreiðandi, fyrirtæki og einstaklingar, sem standa að baki uppbyggingu vegakerfisins, óháð notkun þeirra á kerfinu.<sup>2</sup>

Beinar tekjur ríkissjóðs af ökutækjum hafa ekki aukist að ráði að raunvirði síðastliðinn áratug og ef við deilum tekjunum niður á hvert ökutæki má sjá að þær hafa dregist saman þegar litið er til hveðrar og einnar bifreiðar. Það er raunar það gat sem þar sést sem stjórnvöld vilja stoppa í með breyttri fjármögnun á vegakerfinu. Þetta ætti ekki að koma á óvart vegna þess að skattstofnarnir byggja allir á grænum sjónarmiðum. Þeir eiga það allir sameiginlegt að leiða til þess að notendur ökutækja innbyrða í auknum mæli þann samfélagslega kostnað sem þeir valda með notkun sinni á þeim og vegakerfinu. Ef vel tekst til með innheimtu slíkra skatta og gjalda leiðir það að endingu til þess að breyta hegðun fyrirtækja og fólks í átt að umhverfisvænni hegðun enda dregur það úr skattbyrði þeirra. Það er það sem hefur bersýnilega gerst síðustu ár. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem bent er á að það er ógjörningur að treysta á græna skatta til fjármögnunar á varanlegum útgjöldum ríkissjóðs. Úr því verður hringavitleysa skattahækkana og hegðunarbreytinga á víxl.

Í þessu ljósi má færa málefnaleg rök fyrir því að endurskoða þurfi fjármögnun vegakerfisins – sér í lagi ef það er almennt samþykkt að þeir sem nýti kerfið beri að greiða kostnaðinn við það. Verði ráðist í breytingar, eins og nú virðist standa til, er það skoðun Samtaka atvinnulífsins að nauðsynlegt sé að hafa heildarmyndina og fyrirsjáanleika að leiðarljósi. Breytingar á þessu kerfi verða ekki gerðar í tómarúmi. Það er bæði eðlileg og sanngjörn krafa að þeir borgi sem njóti.

Eins og Samtök atvinnulífsins hafa áður bent á þegar kemur að samgöngumálum er brýnt að ekki verði dregið úr samkeppnishæfni atvinnulífs með aukinni skattbyrði. Ekkert svigrúm er til að auka skattheimtu af ökutækjum nema til komi samsvarandi lækkun á öðrum sköttum. Það verður að hafa samkeppnishæfni atvinnulífsins til hliðsjónar. Mikilvægt er að ekki verði settar nýjar álögur á atvinnugreinarnar, nema í samráði við þær og að skýrt sé að þetta sé ekki viðbótarskattlagning sem raskar samkeppnistöðu þeirra, heldur raunverulega dragi úr umhverfisáhrifum.

Í grunninn er það aukin atvinnusköpun sem stendur undir auknum tekjum ríkissjóðs. Því ættu stjórnvöld að einbeita sér að því að styðja við samkeppnishæft atvinnulíf, fjölgun starfa og

---

<sup>2</sup> Ath. að eigendur og notendur ökutækja greiða þó hin ýmsu skatta og gjöld, t.d. vörugjald af bensíni, olúgjald, kolefnisgjald, bifreiðagjald, o.s.frv.



aukinn hagvöxt með því að draga úr skattheimtu frekar en hitt. Nánari umfjöllun um fjármögnun vegakerfisins má finna í erindi undirritaðrar sem flutt var á Skattadeginum 2022.<sup>3</sup>

Með tilliti til framangreinds eru að öðru leyti ekki gerðar frekari athugasemdir við drög að hvítbókinni að svo stöddu. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

### Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

A handwritten signature in black ink that reads "Stefanía K. Ásbjörnsdóttir".

Stefanía Kolbrún Ásbjörnsdóttir

---

<sup>3</sup><https://www2.deloitte.com/content/dam/Deloitte/is/Documents/tax/skattadagur/2023/stefania%20kolbrun%20asbjornsdottir.pdf>